

# Fundargerð aðalfundar Samtakanna '78 2018

Sunnudaginn 4. mars 2018  
Suðurgötu 3, 101 Reykjavík.

Auglýstur tími aðalfundar var kl. 13.00–15.30, en fyrir fundinum lá dagskrá í 12 liðum sem auglýst hafði verið með aðalfundarboði.

Formaður, María Helga Guðmundsdóttir, setti aðalfundinn klukkan 13:07 og hvatti félagsmenn til að nálgast ársskýrslu og ársreikninga á netinu.

## 1. Skipan fundarstjóra og fundarritara

Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir settur fundarstjóri með samþykkt fundarins og Inga Þóra Ingvarsdóttir settur fundarritari með samþykkt fundarins.

## 2. Lögmæti aðalfundar staðfest

Dagsetning aðalfundar var auglýst 11. janúar 2018. Fundarboð fór á netið þann 16. febrúar 2018 og var sent samdægurs á félagsmenn með tölvupósti og á samfélagsmiðlum.

Rétt til fundarsetu hafði félagsfólk með gilt félagsskírteini. Hægt var að greiða félagsgjöld við innganginn.

Aðalfundur lýstur lögmætur af fundarstjóra.

## 3. Skýrsla stjórnar, trúnaðarráðs, nefnda og starfshópa

Formaður ávarpar fundinn og kynnir ársskýrslu félagsins. *Engar athugasemdir gerðar við ársskýrslu.*

## 4. Áritaðir reikningar fyrra árs kynntir og bornir upp til samþykktar

Gjaldkeri félagsins, Benedikt Traustason, kynnir reikninga fyrra árs. *Reikningar samþykktir samhljóða.*

## 5. Fjárhagsáætlun ársins lögð fram

Gjaldkeri félagsins kynnir fjárhagsáætlun ársins.

## 6. Laga- og stefnuskrárbreytingar

Engar laga- og stefnuskrárbreytingar bárust fyrir tilsettan tíma og því ekki gerðar neinar laga- og stefnuskrárbreytingar að þessu sinni.

## 7. Kjör formanns til eins árs

Í kjörnefnd voru: Ásta Kristín Benediktsdóttir, Sigurgeir Ingi Auðar-Þorkelsson og Svanfríður Anna Lárusdóttir

Kjörnefnd tekur við fundarstjórn við atkvæðagreiðslu um stjórn, trúnaðarráð og skoðunarmenn reikninga.

Kjörnefnd kallaði eftir framboðum til trúnaðarstarfa fyrir félagið, en tilkynningu þess efnis sendi nefndin frá sér þann 29. janúar 2018. Framboðsfrestur til stjórnar rann út þann 18. febrúar, framboðsfrestur til trúnaðarráðs og skoðunarmanna reikninga rann

út á aðalfundi. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hófst þegar boðið var til aðalfundur og stóð yfir þar til aðalfundur hófst. Innan framboðsfrests bárust 19 framboð í 19 embætti.

Kjörstjórn lagði það undir fundinn að allar kosningar á aðalfundi fari fram með handauppréttingum og var það samþykkt með sjónarmun.

Frambjóðendur til embættis formanns, kynntu sig.

Í framboði til formanns: María Helga Guðmundsdóttir

Sjálfkjörið var í embættið og því fagnað með lófataki.

### **8. Kjör þriggja einstaklinga í stjórn til tveggja ára**

Grein 3.4.1. í lögum dettur út að loknum þessum lið. Spurt var eftir mótframboðum og voru engin mótframboð.

Frambjóðendur í stjórn til tveggja ára, kynntu sig.

Í framboði í stjórn til tveggja ára: Rúnar Þórir Ingólfsson, Unnsteinn Jóhannsson og Þorbjörg Þorvaldsdóttir.

Voru þau sjálfkjörin og því fagnað með lófataki.

### **9. Kjör þriggja einstaklinga í stjórn til eins árs**

Frambjóðendur í stjórn til eins árs, kynntu sig, fyrir utan Þórhildi Elínar Magnúsdóttur sem var erlendis.

Í framboði í stjórn til eins árs: Marion Lerner, Sigurður Júlíus Guðmundsson og Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir.

Voru þau sjálfkjörin og því fagnað með lófataki.

### **10. Kjör tíu einstaklinga í trúnaðarráð til eins árs**

Frambjóðendur til trúnaðarráðs til eins árs, þeir sem staddir voru á fundinum, kynntu sig

Í framboði til trúnaðarráðs til eins árs: Jóhann G. Thorarensen, Ragnhildur Sverrisdóttir, Guðný Guðnadóttir, Guðrún Mobus Bernharðs, Einar Þór Jónsson, Ásdís Óladóttir, Þjarnar Helga Tómasdóttir, Brynjar H. Benediktsson, Embla Orradóttir Dofradóttir og Ása Elín Helgadóttir.

Voru þau sjálfkjörin og því fagnað með lófataki.

### **11. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga til eins árs**

Í framboði til að vera skoðunarmenn reikninga: Sigurjón Guðmundsson og Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson.

Voru þeir sjálfkjörnir og því fagnað með lófataki.

## 12. Önnur mál

Álfur Birkir Bjarnason flytur erindi frá ritstjóra Afmælisrits Samtakanna '78, Atla Þór Fanndal. Hann kallar eftir hugmyndum fyrir Afmælisritið.

Daníel Arnarson, framkvæmdastjóri Samtakanna '78, talar um félagsskírteinin og afslætti sem félagsmönnum býðst við framvísun þeirra. Listi yfir þau fyrirtæki og félagasamtök sem bjóða afslætti, verður birtur á vefsíðu Samtakanna '78.

María Helga Guðmundsdóttir, formaður Samtakanna '78, ber fram þakki til starfsmanna fundarins og óskar þeim sem voru kjörnir til hamingju. María Helga lýsir því yfir að hún hyggist hætta sem formaður Samtakanna '78 eftir þetta starfsár. Hún ræddi starfsálag, þörfina á að fjölga starfsmönnum hjá Samtökunum og einhvers konar þóknun fyrir starf formanns Samtakanna '78. Umræður fóru fram og lagt til að lagabreytinganefnd komi að málinu ásamt öðrum.

Marion Lerner tekur svo til máls og þakkar stjórn og sjálfsboðaliðum fyrir sín störf fyrir Samtökin.

Fundarstjóri slítur fundi kl. 14:20.

Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir  
fundarstjóri

Inga Þóra Ingvarsdóttir  
fundarritari